

Reykjavík, 28. apríl 2016

Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Höfðhverfinga ses.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánum hjá Sparisjóði Höfðhverfinga ses. í september 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna gæði útlánasafns sparisjóðsins, með tilliti til 17., 19. 30. gr. og 88. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, reglna nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum og reglna nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana.

Kannaðar voru heildarskuldbindingar er námu um 995,5 milljónum króna eða 50% af útlánum og veittum ábyrgðum sjóðsins. Sérstök áhersla var lögð á að skoða stórar áhættuskuldbindingar sparisjóðsins.

Þá var farið ítarlega yfir allar nýjar lánveitingar sjóðsins á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2015 sem voru að fjárhæð 3 m.kr. eða hærri, alla lánþega í vanskilum umfram 90 daga og framlög í sérgreindan afskriftareikning.

Í athuguninni var farið yfir fundargerðir stjórnar og innri reglur sparisjóðsins, auk þess sem kannað var hvernig eftirliti af hálfu starfsmanna og stjórnar með fjárhag og greiðslugetu lántaka var háttað.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í apríl 2016 og miðast við 30. júní 2015. Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að í lánareglum sjóðsins og reglum hans um framkvæmd áhættustýringar var ekki nægilega skýrt tilgreint í hvaða tilvikum heimilt væri að hvika frá ákvæðum reglnanna um tryggingar og taldi það ekki samrýmast góðum viðskiptaháttum og venjum á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að ósamræmis gætti milli áhættustýringa- og útlánareglna sjóðsins hvað varðaði viðmið sparisjóðsins um hámark áhættuskuldbindinga eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat á afskriftapörf útlána þriggja lántakenda og taldi að auka þyrfti framlög í sérgreindan afskriftareikning vegna útlána þeirra eða grípa til annarra ráðstafana.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að í tveimur tilvikum hefðu breytingar á lánsúmsókn ekki verið lagðar fyrir stjórn til samþykktar eins og útlánareglur kveða á um.

Auk þess gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við innheimtuaðgerðir sjóðsins í málefnum nokkurra lántakenda sem voru í vanskilum umfram 90 daga.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Sparisjóður Höfðhverfinga ses. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sparisjóðsins framkvæmdi úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í júlí 2016.